



Reykjavík, 25. júní 2021

SFS2020110105

213. fundur

HG/áb/geb

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð


Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Niðurstöður stærðfræðiskimunar í 3. bekk 2020

Í nóvember 2020 var skimunarprófið *Talnalykill* lagt fyrir nemendur í 35 grunnskólum af þeim 37 í Reykjavík sem hafa 3. bekk. Um 93% nemenda í 3. bekk í Reykjavík tóku þátt í stærðfræðiskimuninni að þessu sinni og er hlutfallið herra en seinustu tvö ár. Markmið skimunarinnar er að finna þá nemendur sem eru líklegir til að lenda í vanda í stærðfræðinámi og bregðast fljótt við með einstaklingsáætlun og/eða sérstökum stuðningi.

Um **73%** nemenda náðu settu viðmiði í þrepi I og eru því ólíklegir til að þurfa á sérstökum stuðningi í stærðfræði að halda. Hlutfallið er herra en árin 2018-2019. Um **17%** nemenda náðu settu viðmiði í þrepi II og teljast því ekki heldur í mikilli áhættu hvað varðar námsörðugleika í stærðfræði. Um **10%** nemenda fóru í gegnum öll þrjú þrepin. Hlutföllin fyrir þrepin þrjú eru núna nákvæmlega þau sömu og þau voru árið 2017. Stærstur hluti þeirra sem fóru í þrep III telst þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. Þessi hópur jafngildir **rúmlega 7%** af öllum nemendahópnum sem tók þátt í skimuninni. Hlutfallið nú er lægra en árin 2018-2019 en herra miðað við árin 2016-2017. Tæp **93%** nemenda í 3. bekk haustið 2020 teljast samkvæmt þessu ólíkleg til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hversu hátt hlutfall nemenda fóru í gegnum hvert þrep og hversu hátt hlutfall þeirra er líklegt til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði.



Hlutfall drengja sem þarf líklega á sérstökum stuðningi að halda er 5,3% og hlutfall stúlkna er 9,0%. Mismunandi er eftir skólum hve margir nemenda eru líklegir til að þurfa á sérstökum stuðningi í stærðfræði að halda, allt frá engum nemanda upp í 38%.